

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15

101 Reykjavík

Sími: 563-1770

Netfang: borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Eyjólfur Jónsson
Sundkappi

(1925-)

- Skjalaskrá –

Einkaskjalasafn nr. 192

Eyjólfur Jónsson, sundkappi Æviminningar

Um Eyjólf Jónsson, sundkappa

Jón Eyjólfur Jónsson fæddist 18. maí 1925 í Reykjavík. Hann ólst upp á Grímsstaðaholtinu í Reykjavík og var Eyjólfur m.a. nátengdur því fólki sem bregður fyrir í skáldsögum Einars Kárasonar þar sem *Djöflaeyjan rís*, *Gulleyjan* og *Fyrirheitna landið*.

Eyjólfur vann hjá Reykjavíkurborg, m.a. við verkstjórn þar til hann gekk í lögregluna árið 1959 þar sem hann starfaði til ársins 1995 þegar hann lét af störfum fyrir aldurs sakir.

Þá starfaði hann hjá Sameinuðu Þjóðunum við varðgæslu 1967-1968.

(Eyjólfur Jónsson og Helgi Hálfðánarson voru vinir frá barnæsku sjá einkaskjalasafn nr. 339. EP 2008)

Eyjólfur er mikill áhugamaður um íþróttir og er m.a. þekktur fyrir sjósund. Hann hefur m.a. synt frá Reykjavík til Akraness (1958), Reykjavík til Hafnarfjarðar (1958), Hrísey til Dalvíkur (1960), Vestmanneyjasund (1959) og Drangeyarsund (1957).

Þá hefur Eyjólfur synt ótal sinnum Bessastaðasund og Viðeyjarsund. Eyjólfur var í öðru sæti sem Íþróttamaður ársins árið 1958.

Þá var hann annar af aðalhvatamönnum að stofnun Knattspyrnufélagsins Þróttar í Reykjavík. Hann var gerður að heiðursfélagi í Þrótti árið 1989.

Eftir að hafa misst eiginkonu sína, Katrínu Dagmar Einarsdóttur, árið 1996 flutti hann til Ástralíu þar sem hann eyðir ævikvöldinu.

Heimildir:

Jón Birgir Pétursson: *Eyjólfur Sundkappi. Ævintýrleg saga drengs af Grímsstaðaholtinu*. Reykjavík 2004.

Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson: *Lögreglan á Íslandi, stéttartal og saga*. Reykjavík 1997.

Um skjalasafn Eyjólf Jónssonar, sundkappa

Skjalasafn þetta samanstendur af ljósritum af æviminningum Eyjólf Jónssonar, sundkappa, handskrifaðar af honum sjálfum. Æviminningarnar voru afhentar af Þór Whitehead, prófessor í sagnfræði, á tímabilinu desember 2003 til júlí 2004.

Eyjólfur hafði sent Þór ljósrit af æviminningum sínum til yfirlestrar sem síðar urðu undirstaðan að ævisögu Eyjólf sem Jón Birgir Pétursson skráði: *Eyjólfur sundkappi. Ævintýrleg saga drengs af Grímsstaðaholtinu*. Reykjavík 2004. Þór fékk síðar leyfi hjá Eyjólf að senda æviminningarnar á Borgarskjalasafn Reykjavíkur til varðveislu.

Skjalaskrá

Askja 1

Æviminningar Eyjólf Jónssonar, ritaðar af honum sjálfum bls. 1-450, ljósrit (Möppur 1-5).

Askja 2

Blaðaúrklippur er varða Eyjólf Jónsson, ljósrit (Möppur 6-7).

Askja 3

Æviminningar Eyjólfs Jónssonar, ritaðar af honum sjálfum og skrifaðar til Jóns Birgis Péturssonar, bls. 2-47, ljósrit.

Ljósrit af bréfum, blaðaúrklippum og úr bókum sem tengjast ævi Eyjólfs Jónssonar. Ljósritin nr. 1-84.

Ljósrit af myndum er tengjast ævi Eyjólfs Jónssonar.

Bréf Eyjólfs Jónssonar til barnabarns hans Jóns Eyjólfs Jónssonar með svörum við spurningum varðandi leiki áður fyrr, dags. 6. mars. 2003.

Bréf Eyjólfs Jónssonar til Þórs Whitehead dags. 30. júlí 2004 ásamt ljósriti af nokkrum blaðsíðum úr æviminningum Eyjólfs.

Ljósrit úr grein úr Vikunni í febrúar 2003 sent til Eyjólfs Jónssonar af dóttur hans Berglindi.

„Þannig maður er nú Eyjólfur!“ Umfjöllun um lífssögu Eyjólfs sundkappa.

Ritgerð í námskeiðinu Persóna, samfélag, menning í Félagsvísindadeild Háskóla Íslands 2005 eftir Unni Steingrímsdóttir.

Starf Eyjólfs Jónssonar hjá Sameinuðu þjónunum. Ritgerð úr Réttarholtsskóla 2005 eftir Eyjólf Jónsson.

Skráð NS